

Mál nr. 403/2025**VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis og innbústrygging.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Ásetningur. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. desember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og gögnum málsins kom upp eldur í bifreiðinni A hinn 4. október 2025 er henni var ekið eftir Reykjanesbraut frá Keflavík í átt að Reykjavík. Ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði hana þegar hann sá reyk stíga upp úr húddinu. Eldurinn breiddist í kjölfarið út í bifreiðinni án þess að unnt væri að slökkva hann. Slökkvilið kom á vettvang en þá var bifreiðin þegar orðin alelda. Vegna tjónsins hefur M, eigandi bifreiðarinnar A, gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi, dags. 23. október 2025, þar sem fram kemur að V telji rökstuddan grun vera um að váttryggingaratburðinum kunni að hafa verið valdið af ásetningi, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Þá kom jafnframt fram að V teldi M hafa veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, sbr. 1. mgr. 47. gr. sömu laga. Í málskoti sínu hafnar M þessum sjónarmiðum og vísar til þess að bruninn hafi að öllum líkindum orðið vegna framleiðslugalla í EGR-kælikerfi bifreiðarinnar, samkvæmt staðfestingu umboðsaðila. Þá hafi bifreiðin verið í góðu ástandi og nýlega skoðuð. Engar viðvaranir eða bilunareinkenni hafi komið fram áður en bruninn átti sér stað. M hafnar því alfarið að bruninn hafi verið afleiðing ásetnings eða vanrækslu af hennar hálfu og telur um ófyrirsjáanlegan framleiðslugalla að ræða. Jafnframt mótmælir M synjun V um bætur úr innbústryggingu vegna tjóns á munum sem voru í bifreiðinni..

V ítrekar afstöðu sína um að hafna bótaskyldu bæði úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og innbústryggingu M. Telur V að atvik tjónsins séu með þeim hætti að rökstuddur grunur sé til staðar um ásetning eða sviðsetningu.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M fullyrðingum V alfarið og vísar til þess að engar vísbendingar, gögn eða sérfræðiskýrslur liggja fyrir sem styðji slíkan grun. Um sé að ræða órökstuddar tilgátur af hálfu V.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort V sé heimilt að hafna greiðslu bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að brunann hinn 4. október 2025 megi rekja til ásetnings eða sviðsetningar af hálfu M. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga fellur bótaskylda niður ef váttryggður veldur váttryggingaratburði af ásetningi. Ber váttryggingafélag sönnunarbyrði fyrir því að slík atvik hafi átt sér stað. Að mati nefndarinnar hefur V ekki lagt fram nein gögn sem benda til þess að M hafi með ásetningi eða sviðsetningu valdið brunatjóninu. Engar rannsóknarniðurstöður, sérfræðiskýrslur eða önnur hlutlæg gögn liggja fyrir sem styðja slíkan grun. Einungis almennar ályktanir og tilgátur geta ekki talist fullnægjandi til að hnekkja bótarétti váttryggðs. Að því virtu verður að leggja til grundvallar að um váttryggingaratburð hafi verið að ræða sem fellur undir bótasvið kaskótryggingar bifreiðarinnar, sbr. 1. gr. skilmála hennar. Þegar af þeirri ástæðu á M rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Hvað varðar kröfu M um bætur vegna munatjóns á innbúi bifreiðarinnar liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir nefndinni. M hefur lagt fram almennan og ónákvæman lista yfir muni sem sagðir eru hafa orðið fyrir tjóni, án sundurliðunar á aldri, ástandi eða verðmæti hvers hlutar. Samkvæmt almennum reglum ber tjónþoli sönnunarbyrði fyrir því að bótaskyld tjón hafi orðið og hvert umfang þess sé. Að mati

nefndarinnar hefur M ekki lagt fram fullnægjandi gögn til sönnunar á bótaskyldu innbústjóni. Að þessu virtu verður ekki fallist á bótaskyldu úr innbústryggingu M.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V vegna tjóns á innbúi.

Reykjavík, 13. janúar 2026
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir